

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinningulegum truflunum, um skemmri eða lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F 4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dísilolíu í Reykjavík til olíukyndingar, kr. 4.70 hver lítri. Hitaverð lækki eða hækki hver kWst. um 2.4 aura á gjaldskrárlið 41, 1 eyri á lið 42 og 43 og 0.6 aura á lið 44 fyrir hverja 10 aura, sem olíuverð lækkar eða hækkar.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

Söluskattur og viðlagagjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema á hita-töxtum og kWh gjaldi á gjaldskrárlið 23.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. maí 1973. Jafnframt er gjaldskrá nr. 76 6. marz 1973 úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Álftár, Mýrasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Álftár. Heimili þess og varnarþing er þar, sem formaður er búsettur.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Álftá og Veitu, en þær eru: Hamraendar, Álftárós, Hundastapi, Ánastaðir, Þverholt, land Landnáms ríkisins, Álftár-bakki, Hrafnkelsstaðir, Arnarstapi, Brúarland, Álftá, Álftártunga, Syðri-Hraundalur og afréttarland Álftaneshrepps.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og nýta hana til hagsbóta fyrir félagið. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, og fer með öll mál, er félagið varða, milli aðalfunda, sér um fjárreiður þess og framkvæmdir. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar.

6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl—maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún og leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkv. arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Selár og Hraundalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Selár og Hraundalsár.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.